Þriðjudaginn 6. júní 1995.

Nr. 191/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Trausta Róbert Guðmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júní 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 1. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arngrími Ísberg héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Trausti Róbert Guðmundsson, kt. 280471-2919, Heiðarbóli 2 c, Keflavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 15. júlí 1995 kl. 16.00.

– – –

Eins og nú hefur verið rakið, leikur rökstuddur grunur á, að kærði sé viðriðinn framangreind innbrot og verður að fallast á það með rannsóknarlögreglu, að hann geti torveldað rannsókn málsins með því að hafa áhrif á vitni, hafi hann óheft frelsi, en eftir er að yfirheyra þau nánar.

Þykja því skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála vera uppfyllt svo og skilyrði 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, en brot kærða, ef sönnuð yrðu, kynnu að varða hann fangelsisrefsingu, sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þá reisir RLR kröfu sína enn fremur á c-lið 1. mgr. 103. gr. nefndra laga og heldur því fram, að kærði sé vanaafbrotamaður, eins og sakavottorð hans beri með sér. Hann hafi verið látinn laus til reynslu 27. maí sl. og átt þá eftir að afplána 480 daga refsivist. Hafi reynslulausnin verið skilorðsbundin í tvö ár.

Samkvæmt sakavottorði kærða var hann fyrst dæmdur í refsivist árið 1987 og hefur tólf sinnum síðan verið dæmdur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Hefur kærði með þessum dómum verið dæmdur í samtals 110 mánaða fangelsi, óskilorðsbundið.

Af sakavottorði kærða sést, að hann er síbrotamaður, sem látinn var laus til reynslu sl. laugardag og er nú undir rökstuddum grun um að hafa framið tvö innbrot nóttina eftir, eins og rakið var. Þykir því enn fremur mega styðja ákvörðun um gæsluvarðhald c-lið 1. mgr. 103. gr. nefndra laga, eins og krafist er.

Með vísan til framanritaðs verður orðið við kröfu RLR og kærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til laugardags 15. júlí nk. kl. 16.00.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kærði, Trausti Róbert Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 laugardaginn 15. júlí 1995.